



Framtíð Breiðafjarðar

Sviðsmyndir um mögulega framtíð
Breiðafjarðar árið 2040

Mars 2023

Efnisyfirlit

01	Inngangur	03
02	Einkenni Breiðafjarðar	06
03	Drifkraftar og sviðsmyndir	14



Inngangur

Samantekt

Breiðafjörður er annar stærsti flói landsins og liggja 6 sveitarfélög að flóanum. Náttúra svæðisins er einstök en einkennandi fyrir Breiðafjörð eru fjölmargar eyjar, hólmar og sker.

Óvissa ríkir um umfang verndarsvæðisins og nýtingu þess en meta þarf nýtingu og verndun á Breiðafirði í sátt og samlyndi við atvinnu- og mannlíf á svæðinu.

Í þessari greiningu eru settar fram fjórar sviðsmyndir sem sýna hvernig möguleg þróun getur átt sér stað og með því reynt að varpa ljósi á hvaða ákvarðanir þarf að taka í náinni framtíð til að styrkja og efla náttúru Breiðafjarðar og samfélagið á svæðinu.

Sviðsmyndirnar bera lýsandi heiti sem eru:

Villta vestrið sem lýsir því hvernig svæðið getur þróast á uppgangstímum án takmarkana.

Breiðfirskir straumar sem fjallar um jafnvægi í verndun og uppbyggingu atvinnu- og mannlífs.

Í viðjum vanans lýsir því hvernig samfélögin við Breiðafjörð þróast hægt og byggja á hefðbundnum leiðum og atvinnu.

Síðasta veiðiferðin lýsir hvernig mikil verndun getur styrkt stöðu náttúruauðlinda en hægt á framþróun í atvinnulífi.



Lög um verndun Breiðafjarðar

Samkvæmt lögum nr. 54/1995 nýtur Breiðafjörður verndar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Óvissa ríkir um þýðingu laganna fyrir samfélagið á Breiðafirði en fram hafa komið sjónarmið um að lögin séu óskýr og verndarsvæði ekki nægilega tilgreint. Önnur helstu lög sem gæta þarf í samhengi verndunar náttúrulegra og menningarlegra fyrirbæra eru eftirfarandi:

a. Lög um náttúruvernd


- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
- Lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

b. Menningar- og þjóðminjalög

- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar
- Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð
- Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

c. Lög um landslag

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd
- Landslagssamningur Evrópuráðsins



Einkenni Breiðafjarðar

Atvinnulífið

Einkennandi atvinnugreinar

Atvinnulíf í sveitarfélögunum við Breiðafjörð hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og áratugi. Snæfellsbær, Grundarfjörður og Vesturbyggð hafa byggst upp í kringum sjávarútveg og eru þar víða rekin öflug fyrirtæki á því sviði. Stykkishólmur hefur í áratugi verið miðstöð samgangna við Breiðafjörðinn og þjónusta á vegum ríkisins hefur þar lengi verið öflug, en þar er t.a.m sjúkrahús. Í Reykhólahreppi og Dalabyggð hefur landbúnaður verið lang stærsta atvinnugreinin, en þörungaverksmiðjan á Reykhólum og Mjólkursamlagið í Búðardal hafa verið stærstu vinnustaðirnir í þessum sveitarfélögum undanfarna áratugi.

Breytingar í atvinnulífi

Fjöldi starfa í sjávarútvegi og landbúnaði hefur dregist saman undanfarin ár. Nýjar atvinnugreinar hafa haslað sér völl og má þar fyrsta telja ferðaþjónustu sem er orðin öflug atvinnugrein á Breiðafjarðarsvæðinu, sérstaklega á Snæfellsnesi, en þar hefur m.a. þjóðgarðurinn verið aðdráttarafl. Fiskeldi hefur farið vaxandi í Vesturbyggð og skapað fjölda starfa.



Úr viðtölum: “Atvinnulífið þarf að þróast, það má ekki staðna og þarf að vera opið fyrir nýjungum”


Ferðapjónusta

Áætlað er að um 600 þúsund ferðamenn hafi komið á Snæfellsnes árið 2019, eða um þriðjungur þeirra ferðamanna sem sóttu Ísland það árið. Mun færri ferðamenn heimsóttu önnur svæði við Breiðafjörð. Ætla má að dreifingin geti batnað mikið með bættum samgöngum sem unnið er að.

Flestir viðmælenda töldu að svæðið hefði alla burði til þess að gera ferðapjónustuna að heilsársstarfsgrein og þannig fjölga atvinnutækifærum fyrir íbúa og þar af leiðandi laða fleiri íbúa til svæðisins.

Frá maí til október 2018 var að meðaltali 68% herbergjanýting á Vesturlandi og Vestfjörðum en minni sveiflur eru á nýtingu herbergja á landsvísu.

Nýting hótelherbergja 2018 á Vesturlandi og Vestfjörðum



Heimild: Hagstofan, Ferðamálastofa og Stöðugreining Breiðafjarðarsvæðis 2023



© 2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.



Úr viðtölum: „Breiðafjörður er tækifæri fyrir ferðapjónustuna en það er ekki nægileg starfsemi þar eins og er“.

Ferðapjónustan – ummæli úr viðtölum

Breiðafjörður hefur algjörlega misst af ferðamenskunni og það þarf að vera sérstakt aðdráttarafl til þess að fólk komi á svæðið

Tækifæri í ferðamennsku með áherslu á sjálfbærni - landeigendur þurfa að hafa meira að segja um þróun ferðamennsku og nýtingu landsins

Vantar rannsóknir á flestum sviðum s.s. um hvað svæðið þolir mikinn fjölda ferðamanna

„Mikilvægt að setja fókus á ferðapjónustuna“

Ferðapjónustan hefur ekki enn náð miklum sess - einhverjar blikur á lofti í gististöðum en lítið um afþreyingu



Mestu tækifærin í atvinnulífinu og samfélaginu er að tengja ferðapjónustu og landbúnað saman

Sjávartengd starfsemi

Hefðbundinn sjávarútvegur

Utanverður Breiðafjörður hefur verið eitt helsta veiðisvæði stærri og minni báta frá þessum byggðarlögum en Breiðafjörðurinn er jafnframt mjög mikilvæg uppeldisstöð fyrir nytjastofna.

Á Snæfellsnesi og í Vesturbyggð eru sum af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, bæði á sviði veiða og vinnslu. Þar er jafnframt verulegur fjöldi smærri útgerðaraðila og fiskeldi hefur vaxið mikið á sunnanverðum Vestfjörðum.

Í Stykkishólmi hefur sjávarútvegur verið mikilvæg stoð í atvinnulífinu og þaðan voru veiðar og vinnsla á skelfiski stór þáttur. Eftir hrun skelfisksstofnsins í byrjun þessarar aldar hefur mikilvægi sjávarútvegs dregist saman í Stykkishólmi.

Þang og þari

Starfsemi tengd þangi og þara hefur skipt miklu máli fyrir atvinnulíf svæðisins, en þörungaverksmiðja verið starfrækt á Reykhólum síðan 1976. Fleiri slíkar verksmiðjur eru í undirbúningi á svæðinu.

Miklir möguleikar felast í aukinni úrvinnslu afurða úr þangi og þara. Því er mikilvægt að efla rannsóknir og rannsóknaaðstöðu með aðkomu vísindasamfélagsins og annarra hagaðila. Með því að efla kennslu og rannsóknir á þessu sviði er talið að skapa megi umtalsvert fleiri sérhæfð störf og auka verðmæti.



Úr viðtölum: “**Draumurinn væri að árið 2040 hafi íbúum fjölgað um 10-15%, eingöngu vegna nýtingar þangs á svæðinu**”

Fuglalíf og náttúra

Vistkerfi

Mikil náttúrufegurð og fjölbreytt dýralíf einkennir fjörðinn og er vistkerfi Breiðafjarðar mikilvægt bæði á lands- og heimsvísu.


Í fjölda ára hefur verið fjallað um mikilvægi þess að að mæla ágang gesta um svæðið og vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa í Breiðafirði.

Breiðafjörður er eitt mikilvægasta svæði landsins hvað varðar fuglalíf en mikill fjöldi sjófuglategunda einkennir svæðið. Samtals verpa yfir 500.000 pör sjófugla á Breiðafirði samkvæmt tölum Náttúrufræðistofnunar Íslands en vert er að nefna að ekki er meðtalinn sá fjöldi fugla sem verpir í Látrabjargi sem er jafnframt stærsta fuglabjargið við N-Atlantshaf.

Æðarrækt

Æðarfugl er mikilvægur fyrir bæði lífríki Breiðafjarðar sem og atvinnulíf, en margir landeigendur á svæðinu stunda tínslu æðardúns.

Frá árinu 2008 hefur útflutningur á æðardúni gjarnan verið í kringum 2-3 tonn á ári.



Úr viðtölum: “Það þarf að vera jafnvægi milli nýtingar og verndunar”

Samgöngur

Töluverðar úrbætur hafa verið gerðar á vegum við Breiðafjörð á síðustu árum en þrátt fyrir það er verulegur hluti þeirra malarvegir. Miklar vonir eru bundnar við bættar vegasamgöngur sem verið er að vinna að á sunnanverðum Vestfjörðum sem munu án efa stórefla alla flutninga til og frá svæðinu auk þess að efla ferðaþjónustu.

Margar hafnir eru við Breiðafjörð og leggja sveitafélögin áherslu á að hafnarsvæði styrki athafnalíf bæjarfélaga til framtíðar. Ferjusiglingar milli Brjánslækjar og Stykkishólms er mikilvægur þáttur í samgöngum Breiðafjarðar.

Sveitarfélögin eru með það í huga að fjárfesta í hafnaframkvæmdum bæði til að bæta aðstöðu fyrir sjávarútveg, fiskeldi og ferðaþjónustu.

Við Breiðafjörð eru flugvellir við alla helstu byggðakjarna. Samkvæmt skráningu ISAVIA er um að ræða einungis landingarstaði og einkaflugvelli.



Samfélag og íbúar

Sameiginlegt er meðal allra sveitarfélaganna á svæðinu að dregið hefur verulega úr íbúafjölda frá árinu 2000. Þó má merkja jákvæða breytingu undanfarin ár sem er í samræmi við byggðapróun á landsvísu.

Frá árinu 2011 hefur íbúum eldri en 51 árs fjölgað í öllum sveitarfélögum á meðan fjöldi íbúa í öðrum aldurshópum hefur minnkað.


Líkt og víðar á landinu hefur verið viðvarandi húsnæðisskortur á svæðinu, ekki hvað síst á sunnanverðum Vestfjörðum í kjölfar mikillar uppbyggingar í fiskeldi og ferðaþjónustu. Slíkt hægir á allri íbúafjölgun og þar með eflingu samfélaganna m.a. þar sem erfitt er fyrir fjölskyldur að flytja á svæðið.

Fjölbrotaskóli er staðsettur í Grundarfirði og laðar til sín nemendur úr sveitarfélögum við Breiðafjörð. Útibú frá skólanum er rekið í Vesturbyggð.

Íbúakannanir sem gerðar hafa verið sýna mikla ánægju íbúa í sveitarfélögum á Snæfellsnesi, en þar býr um 2/3 íbúa Breiðafjarðar. Búsetuskilyrði annarra svæða Breiðafjarðar, s.s. á sunnanverðum Vestfjörðum, Dölum og Reykhólum, koma verr út samkvæmt könnunum þegar horft er til þátta s.s. atvinnuúrvals, húsnæðis, skipulagsmála o.fl.*

* Heimild: Íbúakönnun 2020: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Útgefandi: SSV, Hagstofan

Samanlögð mannfjöldapróun við Breiðafjörð 2015-2022



Íbúapróun sveitarfélaga við Breiðafjörð				
	1998-2022		2015-2022	
Grundarfjarðarbær	-152	-15%	-60	-7%
Stykkishólmur	-47	-4%	104	9%
Snæfellsbær	-77	-4%	-13	-1%
Dalabyggð	-23	-3%	-15	-2%
Reykhólahreppur	-102	-30%	-35	-13%
Vesturbyggð	-123	-10%	129	13%
Samtals	-524	-8%	110	2%

Drifkraftar og sviðsmyndir

Dæmi um mikilvæga óvissupætti og drifkrafta 1/2

Atvinnulíf

Hverjar verða helstu atvinnugreinar svæðisins? Eru fjölbreytt tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu? Byggir atvinnulíf á frumframleiðslu eða er aukin áhersla á verðmætasköpun?

Stjórnun svæðisins (verndarsvæðisins Breiðafjarðar)

Á hvaða formi er stjórnun svæðisins? Ríkir samstaða milli aðila?

Verndun

Verða teknar ákvarðanir varðandi aukna verndun svæðisins? Hamlar verndun atvinnulífi eða skapar hún grundvöll til aukinnar verðmætasköpunar? Er aukin verndun á forsendum heimamanna?

Þekking (mannauður)

Hvert er menntunarstig svæðisins? Hvernig þróast færni og þekking íbúa?

Ástand náttúru

Hvernig hefur ástand náttúru þróast? Eru þolmörk náttúru hennar þekkt?

Innviðir

Er næg orka á svæðinu? Hvernig verður aðgengi að heitu vatni og verður rafmagn framleitt á svæðinu? Hver verður staða fráveitumála? Hafa samgöngur styrkst?



Dæmi um mikilvæga óvissupætti og drifkrafta 2/2

Nýting auðlinda

Ríkir sátt um nýtingu auðlinda Breiðafjarðarsvæðisins? Getur atvinnulífið nýtt auðlindir til verðmætasköpunar?

Mannlíf

Verður blómlegt mannlíf á og virkt menningarstarf á svæðinu?

Rannsóknir og vöktun

Hver er staða rannsókna á svæðinu? Á hvaða forsendum eru þær og hvernig nýtast þær?

Viðhorf

Ríkir jákvætt viðhorf til svæðisins? Hvert verður viðhorf til dreifbýlis?

Loftslagsmál

Munu breytingar í loftslagi, s.s. vegna óveðurs og þurrka, hafa áhrif á stöðu auðlinda á svæðinu í framtíðinni?

Sjálfsmynd

Eru íbúar svæðisins stoltir af svæðinu og ríkir sátt milli samfélaga þess?




Grunngerð sviðsmynda

Við mótun sviðsmynda eru greindir þeir drifkraftar sem taldir eru hafa mest áhrif á þróun til framtíðar. Þeir eru svo metnir annars vegar út frá því hversu áhrifamiklir þeir eru og hins vegar út frá þeirri óvissu sem ríkir um þá.

Þeir tveir drifkraftar sem voru valdir til að vinna með, voru verndun annars vegar og atvinnulíf hins vegar. Þeir móta því grunngerð sviðsmyndanna sem fjallað er um í skjalinu.



Yfirlit sviðsmynda



Villta vestrið

Grunnforsendur

Lítill verndun og fjölbreytt atvinnulíf

Möguleg staða árið 2040


Blómstrandi atvinnulíf einkennir fjórðinn þar sem mikil uppbygging hefur orðið í tækniþróun og störfum tengdum nýtingu auðlinda. Aukin áhersla hefur verið lögð á nýsköpun sem hefur ýtt undir fólksfjölgun á sunnanverðum Breiðafirði. Samgöngur til svæðisins og innan þess hafa batnað.

Samfélagið í Breiðafirði árið 2040

Vel menntað fólk flytur á svæðið en þó er enn skortur á vinnuafli.

Atvinnulíf

Mikil aukning hefur verið á ferðamönnum og ferðaþjónustan er í blóma en hefur aukið ágang á náttúru. Aukning í störfum tengdum auðlindanýtingu hefur fjölgað töluvert og yfirleitt með sjálfbærum hætti. Öflugt rannsóknarstarf á sér stað hjá fyrirtækjum á svæðinu sem hefur stuðlað að fjölgun starfa og eflingu atvinnulífs.



Villta vestrið

Hvernig varð þetta að veruleika?

Einstaklingar og fyrirtæki áttuðu sig á auðlindastraumunum í firðinum og gerðu sér grein fyrir þeim verðmætum sem í þeim felast. Sveitarfélög og fyrirtæki standa á bakvið rannsóknir og menntun á svæðinu sem hefur dregið að sér fleiri íbúa.

- Uppbygging rannsóknarmiðstöðva á svæðinu
- Aukinn áhugi fjárfesta á Breiðafirði
- Fjölgun íbúa
- Aukin nýting auðlinda – ræktun á sjó og landi
- Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar
- Mikil fjölgun ferðamanna
- Ný störf verða til
- Óvissa varðandi stöðu auðlinda

Villta vestrið

Íbúasamsetning	Íbúum hefur fjölgað, fjölbreytileiki í íbúasamsetningu. Mest fjölgun í þéttbýliskjörnum.
Atvinnugreinar	Fjölbreytt atvinnulíf, mikil aukning á störfum tengdum auðlindanýtingu en skortur er á vinnuafli
Samgöngur og fjarskipti	Samgöngur og fjarskipti eru góð
Rannsóknarstarf	Öflugt rannsóknarstarf með aukinni tækniþróun á forsendum fyrirtækja.
Umhverfismál	Lítill stýring á nýtingu auðlinda. Óskýrt regluverk ógnar náttúru og náttúruauðlindum.
Menntun	Fjölbreytt svið þekkingar og menntunar íbúa.
Ferðapjónustan	Mikil aukning á ferðamönnum og ferðapjónustan er í blóma
Auðlindir	Mikil nýting auðlinda, <u>yfirleitt</u> með sjálfbærum hætti.
Nýsköpun	Aukin nýsköpun atvinnulífs.

Breiðfirskir straumar

Grunnforsendur

Fjölbreytt atvinnulíf og mikil verndun.

Möguleg staða árið 2040



Jafnvægi ríkir milli atvinnulífs og náttúru og tekist hefur að auka verðmæti afurða með áherslu á verndun. Mikil áhersla er á sjálfbærni á svæðinu þar sem hugað er að náttúru og dýralífi sem og samfélags- og efnahagslegum þáttum. Gróska er í nýsköpun sem hefur verið studd af stjórnvöldum og stuðlar hún að auknum gæðum og verðmætum í firðinum.

Samfélagið í Breiðafirði árið 2040

Hátt menntunarstig er við fjörðinn og næg störf sem draga að sér fleiri íbúa. Fólki fjölgar í sveitum og þéttbýli, og fjölbreytt atvinnutækifæri skapa grundvöll fyrir fjölskyldur til að setjast að á svæðinu. Áhersla á umhverfisvitund og hringrásarhagkerfi hefur styrkt ímynd og aukið áhuga fyrir búsetu. Framkvæmd verndunar er á forsendum heimamanna og forræði þeirra.

Atvinnulíf

Áhersla er á virðisaukandi starfsemi sem drifin er áfram af þekkingu og rannsóknum. Ferðaþjónustan nær flugi þrátt fyrir takmarkanir en tekjur á hvern ferðamann hafa aukist og skila sér til samfélagsins. Vinnsla afurða, í sjávarútvegi, landbúnaði og þörungaframleiðslu er í fyrirrúmi.



Breiðfirskir straumar

Hvernig varð þetta að veruleika?

Í kjölfar aukinnar verndunar var áhersla á lögð á að efla rannsóknir á náttúruauðlindum svæðisins. Slíkt hægði á atvinnulífi um stundarsakir, en lagði grunn að nýjum störfum og tækifærum á sviði sjálfbærni.

- Uppbygging rannsóknarmiðstöðva á svæðinu með áherslu á stöðu auðlinda
- Ítarlegar greiningar um þolmörk svæðisins liggja til grundvallar uppbyggingu
- Nýjar uppgötvanir á sviði meðferðasjúkdóma með notkun sjávargróðurs
- Aukin verðmætasköpun úr sjálfbærum afurðum
- Stóraukið samstarf sveitarfélaganna á svæðinu
- Sjálfbært og nærandi samfélag þar sem lífsskilyrði eru góð og horfur til langs tíma eru góðar

Breiðfirskir straumar

Íbúasamsetning	Eftirsóknarverð búseta og fólki fjölgar í sveitum og þéttbýli
Atvinnugreinar	Gott jafnvægi í atvinnulífi og hátt þjónustustig. Vinnsla sjávartengdra afurða og landbúnaður eru í fyrirrúmi.
Samgöngur og fjarskipti	Vegakerfið hefur batnað og fjarskipti eru góð með áherslu á sjálfbærni samgangna.
Rannsóknarstarf	Öflugt rannsóknarstarf sem drifið er af fræðasamfélaginu í samstarfi við atvinnulífið.
Umhverfismál	Næg sjálfbær orka, aukin áhersla á sjálfbærni og gætt er að náttúru og náttúruauðlindum. Áhersla lögð að fyrirtæki starfi á umhverfisvænan hátt. Framkvæmd verndunar er á forsendum heimamanna og forræði þeirra.
Menntun	Hátt menntunarstig og laun yfir meðaltali.
Ferðaþjónustan	Ferðaþjónustan býr við takmarkanir í fjölda sem er í sátt við náttúru, fólk og umhverfi. Áhersla á gæði fyrir vel hugsandi ferðamenn.
Auðlindir	Sjálfbær fullnýting afurða. Áhersla á gæði umfram magn.
Nýsköpun	Mikil aukning á nýsköpun sem hefur aukið gæði og verðmæti í firðinum

Í viðjum vanans

Grunnforsendur

Verndun er lítil og atvinnulíf einsleitt

Möguleg staða árið 2040

Hlutfallsleg íbúafækkun hefur orðið á svæðinu. Íbúar eru almennt sáttir með sína stöðu og lítil hvati til frampróunar í atvinnulífi. Atvinnulíf er frekar einsleitt og byggist á fáum sterkum fyrirtækjum í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi. Mikill fjöldi ferðamanna kemur á svæðið með skemmtiferðaskipum. Þangsláttur hefur aukist en lítil áhersla hefur verið lögð á frekari vinnslu í greininni.



Nýsköpun er takmörkuð og byggir á ákveðnum sérsviðum og er háð sérhæfðri þekkingu í þeim atvinnugreinum sem til staðar eru.

Samfélagið í Breiðafirði árið 2040

Íbúum á svæðinu hefur fækkað lítillega. Sveiflukennt samstarf er milli sveitarfélaga svæðisins.

Atvinnulíf

Einsleitt atvinnulíf einkennir fjórðinn, en sjávarútvegur, þörungatengd starfsemi og ferðaþjónusta eru ríkjandi. Ágangur vegna fjölda ferðamanna er farin að ógna verulega náttúru og dýralífi.



Í viðjum vanans

Hvernig varð þetta að veruleika?

Langvarandi óvissa ríkti um þýðingu verndunar á svæðinu og því var takmörkuð áhersla lögð á aukna auðlindanýtingu og verðmætasköpun. Þekking og rannsóknir voru ekki eflar og forsendur vantaði til efla nýsköpun og þróun atvinnulífs.

- Tekjur íbúa vel yfir landsmeðaltali í sjávarútvegsplássum en lægri annars staðar
- Lítil nýliðun í landbúnaði vegna hárra aðgangshindrana
- Bújörðum í rekstri fækkar og hefðbundinn búskapur vikir fyrir ferðapjónustu
- Vaxandi umræður um þolmörk íbúa og náttúru vegna ferðapjónustu, einkum yfir háannatíma (sumartíma)
- Veitingastöðum og gististöðum hefur fjölgað
- Farandverkafólk í fiskeldi, fiskvinnslu og þörungavinnslu
- Þróun sjálfbærnihugsunar og grænna iðngarða gengur misjafnlega

Í viðjum vanans

Íbúasamsetning	Íbúum hefur fækkað á svæðinu og aldurssamsetning er í eldri kantinum
Atvinnugreinar	Fremur einsleitt atvinnulíf sem byggir á frumvinnslu, fáum sterkum fyrirtækjum og lítið um nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu. Ferðapjónustan er ríkjandi og tekjur af dún hafa lækkað verulega
Samgöngur og fjarskipti	Takmörkuð uppbygging en samgöngur eru ekki forgangsmatið stjórnvalda
Rannsóknarstarf	Lítil áhersla á rannsóknarstarf
Umhverfismál	Lítil stýring á nýtingu auðlinda og fjölgun ferðamanna er farin að ógna verulega dýralífi og náttúru. Æðarfuglum fækkar og lífríki hnignar.
Menntun	Fá tækifæri fyrir menntað fólk og meira um lágláunastörf
Ferðapjónustan	Gífurlegur fjöldi ferðamanna í dagsferðum s.s. með skemmtiferðaskipum
Auðlindir	Verulegur ágangur á auðlindir svæðisins.
Nýsköpun	Takmörkuð áhersla á nýsköpun

Síðasta veiðiferðin

Grunnforsendur

Einsleitt atvinnulíf og mikil verndun.

Möguleg staða árið 2040

Mikil og virk verndun auðlinda svæðisins en þó hefur atvinnulífi ekki tekist að nýta tækifæri sem felast í aukinni verðmætasköpun.

Verndun í firðinum var aukin með áherslu rannsóknar og nýsköpunarstarf. Fólksfjöldi á svæðinu sveiflast mikið eftir árstíma og er hátt hlutfall íbúa sem býr við Breiðafjörð einungis yfir sumartímann.

Þjónusta við íbúa hefur farið hnignandi.



Verndun hefur ekki verið stýrt á forsendum heimamanna.

Samfélagið í Breiðafirði árið 2040

Íbúum hefur verið að fækka jafnt og þétt. Svæðið einkennist af sumargestum. Menntunartig fer hægt vaxandi.

Atvinnulíf

Starfsumhverfi er fremur einsleitt og einkennist af sjávarútvegi, landbúnaði, þörungarækt og ferðaþjónustu. Uppbygging í ferðaþjónustunni er nokkur en fjöldatakmörkanir vegna strangra reglna og stýringar. Verulegt rannsóknarstarf er sett í þörungarækt og vinnslu með áherslu á gæði, enda miklar takmörkanir á vinnslu þörunga.



Síðasta veiðiferðin

Hvernig varð þetta að veruleika?

Settar voru strangar reglur til þess að vernda auðlindir svæðisins en ekki var hugað nægilega vel að atvinnumöguleikum á forsendum heimamanna. Góðar samgöngur á svæðinu.

- Stjórnvöld taka af skarið með umfangsmikilli verndun Breiðafjarðar
- Fræðasamfélagið vinnur að rannsóknum um svæðið
- Fyrirtæki leggjast af vegna takmarkana í rekstrar- og aflaheimildum
- Færri lögheimili og minnkað þjónustustig sveitarfélaga
- Íbúum fjölga sem dvelja aðeins yfir sumartímann - sumarhúsabyggðir
- Verulegar árstíðarsveiflur í atvinnulífi, einkum í ferðaþjónustu
- Jákvæð þróun ýmissa auðlinda samfara verndun

Síðasta veiðiferðin

Íbúasamsetning	Fækkun í sveitum en aukning í þéttbýli og stór hluti af heildarfjölda íbúa býr einungis yfir sumartímann. Aldurssamsetning íbúa er hækkandi
Atvinnugreinar	Starfsumhverfi er einsleitt, áhersla á þörungarækt, menningar- og náttúrutengda ferðaþjónustu og landbúnað. Hægfara minnkun sjávarútvegs
Samgöngur og fjarskipti	Góðar samgöngur og fjarskipti
Rannsóknarstarf	Aukin áhersla er á fræðilegar rannsóknir á náttúrutengdum sviðum
Umhverfismál	Menningarleg og söguleg verndun með mikilli áherslu á stýringu náttúruauðlinda
Menntun	Menntunarstig fer hægt vaxandi
Ferðaþjónustan	Sumardvalarstaður bæði fyrir íbúa og ferðamenn en hægt vaxandi heilsársferðaþjónusta á forsendum náttúru.
Auðlindir	Mikil verndun auðlinda sem er ekki stýrt á forsendum heimamanna.
Nýsköpun	Nýsköpun á forsendum ytri aðila og stjórnvalda

Samanburður sviðsmynda eftir áhrifapáttum

	Villta vestrið - Fjölbreytt atvinnulíf og lítil verndun	Breiðfirskir straumar - Fjölbreytt atvinnulíf og mikil verndun	Í viðjum vanans - Lítil verndun og einsleitt atvinnulíf	Síðasta veiðiferðin - Mikil verndun og einsleitt atvinnulíf
Íbúasamsetning	Íbúum hefur fjölgað, fjölbreytileiki í íbúasamsetningu. Mest fjölgun í þéttbýliskjörnum.	Eftirsóknarverð búseta og fólki fjölgar í sveitum og þéttbýli.	Íbúum hefur fækkað hlutfallslega á svæðinu og aldurssamsetning er í eldri kantinum.	Fækkun í sveitum en aukning í þéttbýli og stór hluti af heildarfjölda íbúa býr einungis yfir sumartímann. Aldurssamsetning íbúa er hækkandi
Atvinnugreinar	Fjölbreytt atvinnulíf, mikil aukning á störfum tengdum auðlindanýtingu en skortur er á vinnuafli. Sveiflukennnd uppbygging.	Gott jafnvægi í atvinnulífi og hátt þjónustustig. Vinnsla sjávar tengdra afurða og landbúnaður eru í fyrirrúmi. Hægfara en stöðug og varfærin uppbygging.	Fremur einsleitt atvinnulíf sem byggir á frumvinnslu og lítið um nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu. Ferðaþjónustan er ríkjandi og tekjur af dún hafa lækkað verulega.	Starfsumhverfi er einsleitt, áhersla á þörungarækt, menningar- og náttúrutengda ferðaþjónustu og landbúnað. Hægfara minnkun sjávarútvegs
Samgöngur og fjarskipti	Samgöngur og fjarskipti eru góð.	Vegakerfið hefur batnað og fjarskipti eru góð með áherslu á sjálfbærni samgangna.	Takmörkuð uppbygging en samgöngur eru ekki forgangsatriði stjórnvalda.	Góðar samgöngur og fjarskipti.
Rannsóknarstarf	Öflugt rannsóknarstarf með aukinni tækniþróun á forsendum fyrirtækja.	Öflugt rannsóknarstarf sem drifið er af fræðasamfélaginu í samstarfi við atvinnulífið.	Lítill áhersla á rannsóknarstarf.	Aukin áhersla er á fræðilegar rannsóknir á náttúrutengdum sviðum.
Umhverfismál	Lítill stýring á nýtingu auðlinda. Óskýrt regluverk ógnar náttúru og náttúruauðlindum.	Næg sjálfbær orka, aukin áhersla á sjálfbærni og gætt er að náttúru og náttúruauðlindum. Áhersla lögð að fyrirtæki starfi á umhverfisvænan hátt. Framkvæmd verndunar er á forsendum heimamanna og forræði þeirra.	Lítill stýring á nýtingu auðlinda og fjölgun ferðamanna er farin að ógna verulega dýralífi og náttúru. Æðarfluglum fækkar og lífríki hnignar.	Menningarleg og söguleg verndun með mikilli áherslu á stýringu náttúruauðlinda.
Menntun	Fjölbreytt svið þekkingar og menntunar íbúa.	Hátt menntunarstig og laun yfir meðaltali.	Fá tækifæri fyrir menntað fólk og meira um láglaunastörf.	Menntunarstig fer hægt vaxandi
Ferðaþjónustan	Mikil aukning á ferðamönnum og ferðaþjónustan er í blóma.	Ferðaþjónustan býr við takmarkanir í fjölda sem er í sátt við náttúru, fólk og umhverfi. Áhersla á gæði fyrir vel hugsandi ferðamenn.	Gífurlegur fjöldi ferðamanna í dagsferðum s.s. með skemmtiferðaskipum.	Sumardvalarstaður bæði fyrir íbúa og ferðamenn en hægt vaxandi heilsársferðaþjónusta á forsendum náttúru.
Auðlindir	Mikil nýting auðlinda, <u>yfirleitt</u> með sjálfbærum hætti.	Sjálfbær fullnýting afurða. Áhersla á gæði umfram magn.	Verulegur ágangur á auðlindir svæðisins.	Mikil verndun auðlinda sem er ekki stýrt á forsendum heimamanna.
Nýsköpun	Aukin nýsköpun atvinnulífs.	Mikil aukning á nýsköpun sem hefur aukið gæði og verðmæti í firðinum.	Takmörkuð áhersla á nýsköpun.	Nýsköpun á forsendum ytri aðila og stjórnvalda.

KPMG

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um mögulega framtíð Breiðafjarðar. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á, en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, eru á höndum verkkaupa eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.